

Leikskólinn Arnarsmári



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2022 – 2023**

Efnisyfirlit

1.	Formáli.....	5
2.	Inngangur	5
3.	Leiðarljós leikskólans Arnarsmára	6
	Skólastarfið.....	6
	Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur	6
	Uppbygging sjálfsaga – Uppeldi til ábyrgðar	8
	Dyggðir	8
4.	Mat á skólastarfi.....	9
	Innra mat leikskólans.....	9
	Ytra mat.....	11
	Niðurstaða ytra mats á innra mati í leikskólanum Arnarsmára	12
	Umbótaáætlun	12
5.	Áherslur í starfi leikskólans.....	13
	Þróunar- og nýbreytnistarf	13
	Erasmus+	13
	Læsi og tækni.....	13
	Arnarsmári réttindaskóli.....	13
	Menntun til sjálfbærni.....	13
6.	Foreldrasamstarf	14
	Foreldraráð.....	14
	Foreldrafélag	14
7.	Starfsmannamál	15
	Samsetning starfsmannahópsins.....	15
	Starfsmannastefna	15
8.	Símenntunaráætlun.....	15
	Skipulagsdagar.....	16
9.	Aðrar upplýsingar	16
	Fjöldi barna.....	16
	Húsnæði og lóð.....	17
	Skólaárið 2021 – 2022	17
	Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023.....	17
	Öryggismál.....	17
10.	Fylgigögn.....	18
	Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	18

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	18
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	18
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	18

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Breytingar hafa orðið á stjórnunarteymi Arnarsmára en í ágúst 2021 tók nýr leikskólastjóri við en þá lét Brynja Björk Kristjánsdóttir af störfum eftir að hafa stýrt skólanum frá upphafi.

Nýr aðstoðarleikskólastjóri tók svo við í júlí 2022 en þá lét Rannveig Jónsdóttir af störfum en hún hafði verið aðstoðarleikskólastjóri frá 2001. Nýir stjórnendur eru spenntar að takast á við að stýra skólanum áfram á þeirri góðu vegferð sem hann er.

Starf síðasta skólaárs gekk vel þrátt fyrir ýmsar áskoranir tengdu Covid-19 en þær voru leystar fagmannlega og á lausnarmiðaðan hátt af stjórnunarteyminu og starfsfólki skólans.

Mikið þróunarstarf hefur verið í gangi, Arnarsmári hefur unnið að því að verða Réttindaskóli Unicef síðustu tvö ár, skilað aðgerðaráætlun og skýrslu og mun taka á móti viðurkenningu þess efnis í nóvember 2022.

Arnarsmári er þátttakandi í Erasmus+ verkefni og er það verkefni í fullum gangi. Verkefnið heitir „The power of reading“ og er samvinnuverkefni 6 Evrópulanda. Frá Arnarsmára hafa 3-4 kennarar farið erlendis í fjórum ferðum frá því í nóvember 2021 og eigum við von á kennurum til okkar í febrúar 2023 frá öllum löndunum sem taka þátt. Á skipulagsdögum eru ferðirnar kynntar, hvaða fræðslu kennararnir fengu og hvernig við sjáum fyrir okkur að það nýtist okkur í starfi.

Starfsmannahópurinn fór til Glasgow til endurmenntunar í apríl 2022. Ferðin var í alla staði vel heppnuð, kennarar komu fullir innblæstri og hugmyndum sem munu nýtast inn í starfið. Skýrsla um ferðina er á heimasíðu skólans.

Þetta skólaárið verður lögð áhersla á að halda áfram með þau verkefni sem eru í gangi og að endurvekjja þær hefðir sem hafa legið í dvala og ekki hefur verið hægt að sinna sem skyldi vegna takmarkana í skólahaldi. Uppbyggingastefnan á stóran sess í skólastarfinu og litar allt starf og samskipti milli starfsfólk og barna. Lögð er áhersla á fræðslu í formi námskeiða og fræðslu- og spjallmorgna fyrir starfsfólk. Lögð verður áhersla á að gera starfið okkar með Lubba og málhljóðin sýnilegra. Arnarsmári verður ekki Grænfánaskóli þetta skólaárið en áfram verður unnið að umhverfismennt. Í skólanum er starfandi umhverfisnefnd.

3. Leiðarljós leikskólans Arnarsmára

Í Arnarsmára er markvisst unnið með einkunnarorð skólans sem eru frumkvæði, vinátta og gleði.

Frumkvæði í hugsun, leik og starfi með því að ýta undir skapandi hugsun og sjálfshjálp barnanna, þau leiti sjálf lausna í verkefnum og leysi deilur á jákvæðan hátt.

Vinátta, þá er átt við vinsemd, vera vingjarnlegur, samkennd, samvinnu og samhjálp og er markmiðið að kenna börnunum að laða fram hjá þeim þessa þætti.

Gleði, með því að ýta undir frumkvæði og vináttu og með því að hafa skýrar reglur þ.e. aga, þá verða börnin örugg um sig, það þýðir vellíðan og ánægju.

Skólastarfið

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna.

Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Í Arnarsmára er starfað samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá leikskólans. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna og notaðar eru fjölbreyttar kennsluáðferðir.

Lýðræði og jafnrétti

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið, það finni að á það sé hlustað, læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Lýðræðisleg vinnubrögð og sveigjanlegt skipulag ýtir undir afslappaðra andrúmsloft og meiri gleði. Arnarsmári verður réttindaskóli Unicef í nóvember og lögð er áhersla á að börn læri um réttindi sín.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin. Arnarsmári er heilsueflandi leikskóli í samvinnu Landlæknisembættið.

- Áhersla er á hollt og næringarríkt fæði.
- Útivera er að minnsta kosti einu sinni á dag.
- Farið er í vettvangsferðir að minnsta kosti einu sinni í viku.
- Markviss hreyfing er einu sinni í viku fyrir hvern hóp.
- Áhersla er á góðar hreinlætisvenjur.
- Blær – vináttuverkefni Barnaheilla

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

- Lesið og sungið er á hverjum degi.
- Þulur, vísur og frásagnir eru notaðar í starfinu með börnunum.
- Hljóðfæri eru til staðar sem hægt er að nýta.
- Fjölbreyttur efniviður er til í myndsköpun.
- Íslenskri menningu er viðhaldið með fjölbreyttum hætti og er ríkur þáttur í skólastarfinu
- Arnarsmári er Sólblómaleikskóli með styrktarbarn í Afríku

*Sjálfbærni og vísindi*

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta barna og átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

- Börnin fá tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Leikskólinn leggur áherslu á umhverfismennt og endurvinnslu.
- Verðlaus efniviður er flokkaður og nýttur.
- Vel er hugsað um leikskólann úti og inni.
- Frágangur og snyrtimennska eru í fyrirrúmi.
- Stærðfræðidagurinn mikil er 2x á skólaári

Læsi og samskipti


Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnast tungumálinu og möguleikum þess sem og öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi.

- Áhersla er á jákvæð og uppbyggileg samskipti í öllu skólastarfinu.
- Ritmál er sýnilegt.
- Lubbi og málhljóðin
- Leikefni er merkt.
- Vinafundur og samveru- og söngstundir eru daglega.
- Málörvunarverkefni eru fyrir alla aldurshópa.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Lestraráttak er tvisvar á ári, einn mánuð í senn.
- Stóri læsisdagurinn 2x á ári

Uppbygging sjálfsaga – Uppeldi til ábyrgðar er uppeldisstefna sem starfað er eftir í Arnarsmára. Þessi stefna hefur mikinn samhljóm við starfið í skólanum og hafa allflestir kennarar skólans farið á námskeið í þessum fræðum.


Stefnan miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og ekki síst að börnin læri af mistökum í samskiptum og nái að vaxa af þeim. Að skapa aðstæður til að leiðrétta mistök sín og gera betur og snúa aftur til hópans hugdjarfari en fyrr.

Fræðslumorgnarnar og spjallmorgnarnar um uppbyggingastefnuna eru á 4-6 vikna fresti allt skólaárið.

*Dyggðir*

Í Arnarsmára iðka börn og kennarar dyggðir og tekin er fyrir ein dyggð á u.þ.b. 6 vikna fresti og lögð sérstök áhersla á hana. Dyggðirnar eru: *Íðjusemi, tillitssemi, heiðarleiki, agi og hlýðni, virðing, kurteisi og fyrirgefning.*

Arnarsmárasólin inniheldur frumkvæði, vináttu og gleði og sendir frá sér geisla sem hver um sig er ein dyggð. Þegar byrjað er á nýrri dyggð er geisla þeirra dyggðar snúið við og þegar skólaárinu lýkur hefur öllum geislunum verið snúið við.



4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Arnarsmára eru á stöðu, framförum og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu, gerð matsáætlunar og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Í matsáætlun eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar s.s. annað, þriðja og fjórða hvert ár ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar. Búið er að útbúa matslista sem meta allt starf innan námssviðanna og er eitt námssvið metið á hverju ári þannig að fjórða hvert ár er hvert þeirra tekið fyrir. Námssviðin eru; heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti.

Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt.

Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn.

Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Ýmsar matsaðferðir eru notaðar hjá leikskólum Kópavogs s.s. spurningalistar, kannanir, mat frá utanaðkomandi eftirlitsaðilum, viðtöl og fleira.

Matsþættir	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun		x		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð	x		x	
Opinber birting og umræður	x		x	

Innra mat 2021-2022

Skólaárið 2021-2022 var eftirfarandi metið:

- Áhættumat frá Vinnueftirliti framkvæmt
- Brunaáætlun og rýmingaráætlun yfirfarin
- Læsisstefna leikskólans var endurskoðuð, uppfærð og birt
- Námssviðið Læsi og samskipti endurmetið af deildum
- Mat starfsmanna á réttindum barna / staða þekkingar vegna Réttindaskóla Unicef
- Mat barna rýnihópur

Þroski barnanna er einnig metinn og til þess notaðar eftirfarandi skimanir og próf:

- Hljóm-2 sem er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund fimm ára barna.
- EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.
- TRAS er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna.
- Gátlistar árganga frá Arnarsmára
- Námsgögur er aðferð til að meta styrkleika, upplifun og námsferil barna. Skráðar eru einskonar örsögur hvers barns fyrir sig. Aðferðin skiptist í fjóra þætti; skráningu, ígrundun, greiningu og nýtingu. Í skráningunni er hægt að gera myndbandsupptöku, taka myndir, skrifa niður hvað barn gerir í ákveðinni stund og margt fleira. Eftir skráninguna er hún nýtt til að ígrunda og ræða það sem átti sér stað til að fá sjónarhorn frá fleiri en einum varðandi innihald skráningarinnar. Í lokin er svo ákveðið hvernig nýta eigi þær upplýsingar sem fengist hafa út úr skráningunum til úrbóta og þær framkvæmdar.

Mat á námssviðinu Læsi og samskipti sýndi að almennt eru kennarar ánægðir með starfið og vinnubrögð með börnunum og telja mikinn samhljóm í því sem gert í samanburði við gátlista. Það sem helst var nefnt að megi skerpa á er aukin samræðulestur með yngri börnum og vanda val bóka. Hjá eldri deildum var nefnt að halda áfram að minna börnin á að sýna leikföngum virðingu, hvernig við umgöngumst þau og göngum frá eftir okkur. Vinna markvissara með mismunandi tungumál og menningu.

Ytra mat

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi. Matsteymið heimsótti Arnarsmára í mars 2021 og voru þær niðurstöður nýttar til umbóta síðasta skólaár (sjá umbótaáætlun).

Heilbrigðiseftirlitið heimsótti Arnarsmára og sendi skýrslu með nokkrum athugasemdum. Þær úrbætur sem við gerðum má sjá í kafla um endurbætur á húsnæði.

Skólaláupsinn lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fór hún fram í mars 2022. Þátttaka starfsmanna var 82,4%. Á þeim tíma var búið að vera erfitt ástand vegna Covid 19 alveg eins og þegar könnunin var send út vorið 2020. Kemur það skýrt fram í svörum starfsmanna að starfsumhverfi, samvinna og starfsánægja litast óneytanlega af því ástandi sem var í þjóðfélaginu ásamt samkomutakmörkunum og því að mega ekki fá foreldra inn í skólann. Í Arnarsmára fengu 32 starfsmenn covid í janúar – mars, helmingur í janúar og hinn helmingurinn í mars sem reyndi mikið á starfsmenn og má segja að það hafi verið mikil þreyta í starfsmannahópnum á vormánuðum.

Niðurstöður sýndu að í þeim spurningum sem snéru að starfinu að vinnuálag hafði aukist mikið og skýrleiki hlutverks var minna. Fleiri starfsmönnum en áður fannst erfiðara að draga mörk milli vinnu og einkalífs og skuldbinding til vinnustaðarins hafði minnkað. Jákvæðar áskoranir í starfi voru færri en þá á pari við landsmeðaltal.

Í þeim spurningum sem snéru að vinnustaðnum hafði starfsandi dalað en ánægja var með vinnuáðstöðu, úti og inni.

Fjórum starfsmönnum af þeim 26 sem svöruðu spurningu um mismunun fannst mismunun í framkomu gagnvart konum og körlum á vinnustaðnum og fimm starfsmönnum fannst það vera fremur oft gagnvart eldra og yngra starfsfólki.

Tveir segjast hafa orðið fyrir einelti af hendi annars/annarra starfsmanna og fimm starfsmenn segjast hafa séð aðra lagða í einelti eða orðið fyrir áreitni á vinnustaðnum. Sem er töluverð aukning.

Starfsmönnum finnst stjórnun sanngjörn og upplifa stuðning frá næsta yfirmanni. Forystan mætti vera meira valdeflandi og rækta mætti mannauðinn betur.

Starfsmenn eru ánægðir með aðgengi að sérfræðingum vegna barna með sérþarfir og þann stuðning sem þau börn fá í skólanum.

Ánægja er með samstarf í leikskólanum og virkni foreldra. Starfsfólk hefur almennt trú á eigin getu í starfi.

Skoða þarf fyrirkomulag símenntunar og hindranir sem snúa að því. Eins voru engin starfsþróunarsamtöl síðasta skólaár sem birtist í svörum starfsmanna og stendur það til bóta í vetur.

Í opnum svörum kemur að það sem mætti bæta væri að setja inn fleiri deildarfundum, hraði stundum of mikill og tillaga að fagfundum. Varðandi það sem fólki finnst gott er að starfsfólki er almennt ánægt með vinnustaðinn, finnst vera góður starfsandi og nefna vinnufélagana, samstarfið, samheldni og gleði.

Niðurstaða ytra mats á innra mati í leikskólanum Arnarsmára

Unnið hefur verið markvisst að því að þeim þáttum sem uppfylltu ekki viðmið um gæðastarf í betra horf. Þar sem verklagi var ábótavant skv. kvarða sem unnið var eftir er búið að koma á gott verklag eða mjög gott verklag. Þeir þættir sem voru ábótavant eru tilteknir í umbótaáætlun.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra og ytra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra og ytra mat í Arnarsmára er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar, birtar á heimasíðu skólans og má sjá umbætur í fylgisskjali 1.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Helstu áherslur í starfi leikskólans næsta skólaár verða að koma öllu starfi og hefðum í það horf sem það var fyrir samkomutakmarkanir ásamt því að endurmeta Gæðahandbók skólans út frá því sjónarmiði að einfalda starfið þannig að við séum ekki að taka að okkur of mörg verkefni heldur að dýpka sig frekar í því sem við viljum standa fyrir.

Áhersla verður á að gera Lubba starfið sýnilegra og leggja meiri áherslu á samvinnu þvert á deildir með málhljóðin.

Lögð verður áhersla á markvissari vinnu hjá Matsteymi skólans með aðkoma barna og foreldra.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Erasmus+

Erasmus+ verkefnið „The power of reading“ heldur áfram. Löndin sem taka þátt í verkefninu ásamt Íslandi eru; Spánn, Ítalía, Króatía, Grikkland og Eistland. Spánverjar eru stjórnendur verkefnisins og halda utan um það.



Verkefnið var upphaflega til tveggja ára en framlengt um eitt ár vegna Covid-19. Það hófst formlega 1. desember 2020 en lýkur í ágúst 2023. Í verkefninu hafa skólarnir kynnt, hver fyrir sig, hvernig unnið er með læsi í allri sinni mynd. Kennarar Arnarsmára kynntu fyrir erlendu kennurunum samræðulestur og hvernig unnið er með læsi í útikennslu. Áhersla er lögð á kynna fræðslu frá hinum löndunum frá þeim heimsóknum (e. transnational meetings) fyrir öllum kennurum og starfsmönnum skólans en þess má einnig geta að reynt er að bjóða kennurum af öllum deildum að taka þátt.

Læsi og tækni

Mikil vakning hefur verið í kennslu með læsi og tækni í leikskólanum eftir heimsóknir kennara til Eistlands. Kennarar í Arnarsmára eru að tileinka sér þær kennsluaðferðir. Kynning var á því efni sem við eigum til í vor ásamt því að starfsfólkið fékk tækifæri til að æfa sig. Í nóvember verða tveir kennarar úr kennarahópnum með kynningu á læsi og tækni í Menntabúðum í Kópavogi.

Arnarsmári réttindaskóli

Réttindaráð barna var stofnað í vor og stefnt er að því að þau fái fleiri tækifæri til að meta skólastarfið og hafa áhrif. Aðgerðaráætlun og skýrslu var skilað til Unicef og mun skólinn taka á mót viðurkenningu um miðjan nóvember sem Réttindaskóli Unicef. Áfram verður unnið með verkefnið sem við höfum tengt við okkar skólanámskrá.

Menntun til sjálfbærni

Kópavogsbær er að innleiða heimsmarkmið og menntun til sjálfbærni. Leikskólastjóri fékk styrk ásamt fleiri kennurum og stjórnendum í Kópavogi sem fjármagnaður af Erasmus+

Styrkurinn fól í sér fræðslu til að:

- Öðlast innsæi í hugmyndafræði um sjálfbærni og verkfæri til innleiðingar.
- Þjálfun í færni til að kennarar, skólastjórnendur og stefnumótendur skólastarfs geti skipulagt/innleitt sjálfbærnimenntun í sinni stofnun/skólaumhverfi

6. Foreldrasamstarf

Gott foreldrasamstarf er mjög mikilvægt í starfi leikskólans. Kennarar Arnarsmára leggja áherslu á að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann og að þeir finni að kennurum sé annt um börn þeirra. Samstarf kennara og foreldra á að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Í Arnarsmára er mikil foreldrasamvinna bæði formleg og óformleg. Formleg samvinna eru einstaklingssamtöl, foreldrafundur og netpóstur en óformleg samvinna er t.d. dagleg samskipti þegar börnin koma og fara og upplýsingar skráðar á töflur í fataherbergjum. Miklar upplýsingar koma einnig fram á heimasíðu skólans.

Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu sem byggir á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Forráðamenn eru ávallt velkomnir í leikskólann en eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi á haustin, mömmu-ömmu/pabba-afa morgunmat, opið hús á vorönn og á Degi leikskólans, útskriftarhátíð elstu barnanna og sveitaferð leikskólans. Þeir taka einnig þátt í og/ eða aðstoða við hina ýmsu viðburði í leikskólanum.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Verkefni foreldraráðs eru:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi
-

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið.

Markmið foreldrafélagsins eru:

- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að taka þátt í viðburðum og styðja við ýmis konar starfsemi leikskólans

Foreldrar í Arnarsmára hafa verið mjög virkir í öllu sem gert er á vegum skólans og foreldrafélagsins og mæta alltaf vel. Rukkað er einu sinni á ári í sjóð sem greiðir fyrir ýmsar ferðir, leikrit og fyrirlesara á foreldrafundi.

7. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í Arnarsmára er gert ráð fyrir skólaárið 2022-2023, 13,8 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 30% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 175% stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Síðasta starfsár voru 13,9 stöðugildi á deildum og 3,8 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2022-2023 munu starfa í Arnarsmára auk stjórnenda, fimm leikskólakennarar með deildarstjórn, tveir leikskólakennarar, tveir í meistaranámi til leikskólakennara við HÍ, íþróttafræðingur, listasmíðjustjóri, sérkennslustjóri, leiðbeinendur, matráður og aðstoðarmatráður.

Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil og starfa margir reynslumiklir kennarar og starfsmenn í Arnarsmára

- 22% starfsmanna hafa starfað lengur en 20 ár í Arnarsmára
- 35% starfsmanna hafa starfað lengur en 13 ár í Arnarsmára
- 70% starfsmanna hafa starfað lengur en 5 ár í Arnarsmára
- 12 % starfsmanna hafa starfað skemur en 3 ár í Arnarsmára

Starfsmannastefna

Góð samskipti og gagnkvæm virðing hafa grundvallarþýðingu fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Starfsfólk er sameiginlega ábyrgt fyrir því að viðhalda góðum starfsanda.

Í Arnarsmára er lögð rík áhersla á gott samstarf allra starfsmanna, sem er í anda stefnu skólans, þ.e. vinnu með vináttuna og Blæ, dyggðirnar og Uppbyggingarstefnuna. Mannauður er nýttur eftir föngum og þátttökustjórnun er við lýði.

Gerðar hafa verið vinnulýsingar um mjög marga starfsþætti skólans. Þær lýsa hvaða hefðir og venjur eru um hina ýmsu verkþætti og það auðveldar mjög samhæfingu í starfi.

Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskólans vinni sem ein heild. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum og fræðslumorgnum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki gefst auk þess kostur á að sækja námskeið er varða leikskólastarf. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk en er á endurmati þetta skólaárið. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftar ef þörf þykir.

8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun

(sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Síðasta skólaár voru mörg námskeið sem allir tóku s.s börn með erfiða hegðun, Fræðsla um snemmtæka íhlutun, barnavernd og úrræði fyrir foreldra, fræðslumorgnar í leikskólanum, námsferð til Glasgow og skyndihjálp. Þau námskeið sem eru í boði eru kynnt starfsmönnum og reynt verður að hvetja starfsfólk en frekar til nýta sér þá möguleika á námskeiðum sem eru í boði og það hvatt til að sækjast eftir því.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða m.a. nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn, deildafundi, skipulag starfsins og kynningu og fræðslu um stefnur og áætlanir

1. Föstudagurinn. 23. september
2. Fimmtudaginn 17.nóvember
3. Mánudagurinn 2.janúar
4. Miðvikudagurinn 15.mars
5. Föstudagur 19. Maí

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Skólaárið 2022-2023 eru 84 börn í vistun. Af þeim eru 5 börn sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna og 6 börn sem eiga annað foreldri erlent og hitt íslenskt.

Fjöldi dvalarstunda er 689,15 og barngildin eru 110,69. Meðaldvalartími barna á dag eru 8 klst. og 12 mín (8,2 stundir). Í vetur eru stöðugildi vegna sérkennslu 4,28, þar af eru 3,25 stöðugildi vegna barna í 1. og 2. flokki sem njóta sérkennslu frá 5-8 klst. á dag.

Aldursskipting	Fjöldi barna
Börn fædd 2017	15
Börn fædd 2018	18
Börn fædd 2019	19
Börn fædd 2020	27
Börn fædd 2022	5

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2021 – 2022

Skrifstofa leikskólaskólastjórnenda var máluð og skipt um húsgögn. Allir gluggar á norðurhlið voru sprungu viðgerðir og málaðir auk glugga í eldhúsi og matsal. Skipt var um eina rúðu á suðurhlið á skrifstofu leikskólaskólastjórnenda. Gluggi/sólskáli á austurhlið sem á sér langa sögu um leka, sprunguviðgerður og málaður. Óskað var eftir nýjum gólfdukk að beiðni heilbrigðiseftirlits. Það er í farvegi, búið að panta dúkinn og beðið eftir því að það verði klárað.

Skipt var um hluta af grindverki í kringum leikskólann.

Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023

Ítrekaðar athugasemdir vegna vinnuaðstöðu og hollustuhætti í eldhúsi hafa komið í úttekt heilbrigðiseftirlits. Óskað hefur að tekið verði tillit þess og að við fáum breytingar á eldhúsi.

Komið að málningu veggja þar sem skemmdir mátti sjá. Búið er að hafa samband við deildarstjóra eignaumsjónar Kópavogs, gluggar á norðurhlið voru sprunguviðgerðir og málaðir fyrir jól, erum á bið eftir frekari málun sem vonandi verður gert samhliða dúklagningu.

Málun á veggjum á deildum

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís. Skólaárið 2021-2022 urðu fimm slys á börnum, 3 minniháttar slys og tvö slys þar sem urðu tannáverkar.

Ein ábending var send í gegnum Atvik vegna hættu í umhverfi. Tvisvar kom fyrir að barn fór yfir nýju girðinguna. Innflytjandi girðingar, verktakinn sem vann vinnuna við uppsetningu og fulltrúi frá eignadeild komu á fund í leikskólann haustið 2021 á fund í haust þar sem við fórum yfir málið. Hluti af trjám voru klippt niður til að bæta útsýni yfir svæðið og þá dauðu punkta sem voru bak við trén.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Námssviðið Læsi og samskipti metið	Stefna sveitarfélags	Að deildarstjórar og kennarar deilda vinni markvisst með niðurstöðu matsins.	2022/2023	Stjórnendateymi	Þeir þættir í mati síðasta skólaárs verði komnir í það horf sem við viljum	Er metið á hverju vori, gengur vel.
Móttökuáætlun	Stefna sveitarfélags	Yfirfara móttökuáætlun og koma í fastara form viðtölum við nýtt starfsfólk	2022/2023	Stjórnendateymi	Allir nýir starfsmenn fái nýliðaviðtöl og starfsmenn deilda starfsmannasamtöl	Er að hluta til í farvegi en móttökuáætlun á eftir að endurskoða
Hindranir í þátttöku í símenntun	Niðurstöður starfsmanna-könnunar	Starfsmannasamtöl taki á þessu og kynning á skipulagsdögum	Vor 2023	Leikskólastjóri	Símenntunaráætlun	Spurt um símenntun í starfsmannasamtölum, farið yfir möguleika. Símenntunaráætlun unnin og kynnt
Áhættumat	Ytra mat	Leikskólastjóri fari á námskeið hjá vinnueftirliti Að starfsmannafundur séu jafnt á íslensku og fyrir erlenda starfsmenn sé þess þörf	2022/2023	Öryggisvörður og Öryggisfulltrúi	Lokið að vori	Áhættumat hefur verið framkvæmt og á áætlun að leikskólastjóri fari á námskeið fyrir öryggisverði
Læsisstefna leikskólans	Stefna sveitarfélags	Var endurskoðuð og uppfærð á heimasíðu	2022/2023	Stjórnendateymi	Áherslur læsisstefnu sýnilegar í starfi	Unnið er eftir læsisstefnu skólans í starfi skólans
Réttindaráð	Réttindaskóla verkefni	Fjölga verkefnum Réttindaráðs	2022/2023	Matsteymi	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggi fyrir	Komið vel á vel.

Lubbi og máhljóðin	Umræður á skipulagsdegi	Lubbi verði sýnilegri og unnið samræmdara þvert á deildar	2022/2023	Skólastjórnendur	Könnun að vori til starfsmanna og foreldra	Komið af stað, búið að setja upp upplýsingar fyrir framan allar deildar
Starfsmannasamtöl	Niðurstöður starfsmanna könnunar	Stjórnendur taki frá tíma, kynni sér nýr viðtalsblöð frá mannauðsdeild. Starfsfólk fái blöðin tímanlega til að undirbúa sig fyrir viðtalið	2022/2023	Skólastjórnendur	Allt starfsfólk hafi fengið samtal vor 2023	Samtöl skipulögð í febrúar og mars
Fagfundir	Niðurstöður starfsmanna-könnunar	Ræða markmið, skoða þróun fagfunda í öðrum leikskólum.	2022/2023	Stjórnendateymi	Tillögur um innihald og fjölda liggi fyrir.	Ekki hafið.
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda	Starfsmanna könnun	Hrósar, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, upptakur í daglegu starfi o.s.frv.	2022/2023	Stjórnendateymi	Könnun til starfsfólks	Koma hópefli og upptakum í það horf sem var fyrir samkomutakmarkanir.
Mat starfsmanna á réttindum barna	Réttindaskóla verkefni	Starfsmenn máttu stöðu réttinda barna í leikskólanum og	2021/2022	Stjórnendur og Réttindaskólateymi	Hugarkort tengt starfi skólans	Lokið
Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggur fyrir.	Niðurstæða mats á innra mati frá Kópavogi	Matsáætlun unnin með matsteymi	2021-2022	Matsteymi	Áætlun liggur fyrir	Lokið

Foreldra tala þátt í að ákveða áherslu og forgangs röðun í innra mati	Niðurstaða mats á innra mati frá Kópavogi	Foreldraráð verður hluti af matsteymi	2021-2022	Matsteymi	Verði virkir þátttakendur í matsteymi	Er í farvegi
Mat starfsmanna á réttindum barna	Réttindaskóla verkefni	Starfsmenn mátu stöðu réttinda barna í leikskólanum og	2021/2022	Stjórnendur og Réttindaskólateymi	Hugarkort tengt starfi skólans	Lokið

Fylgiskjal 2–Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	2x í mánuði	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2023	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	Upphaf starfs og 4-6 vikum eftir að starf hefst	20-30 mín	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildastjórar
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla um uppbyggingu	Farið yfir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar	vorönn	1 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjórnendur
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	Verður á vorönn	2 tímar x2 = 4 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Námskeið tónlist-og bækur námskeið með Birte Harsen og Ingibjörgu	Vorönn	2 tímar	óljóst	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar vorönn	Kynning - kynferðismál Barna Kristín Skjaldardóttir,	Á Skipulagsdegi	2-3 tímar	óljóst	Leikskólastjóri

Allir starfsmenn	Fræðsla um ýmsa þætti í leikskólastarfinu og fagmennsku	Fræðslumorgnar	1x í mánuði allt skólaárið	30 mín í senn	0	Leikskólastjórnendur
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir og sumarstarf skipulagt	19.maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Fræðsla að ósk starfsmanna s.s. Kraganámskeið og fleira	Að starfsmenn fái tækifæri til að hafa áhrif á eigin þátttöku í endurmenntun	Vorönn		Greitt úr sjóðum starfsmanna	Leikskólastjórnendur

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn leikskóla: Arnarsmári

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JULÍ	
1 M	Fridagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ	Læsisátak	1 F	Fullveldisdagurinn	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M	Læsisátak	1 L		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 F		1 L	
2 Þ	Sumarfrí	2 F	Appelsínugulur dagur, Tillitssæmi	2 S		2 M		2 F	Rauður dagur	2 M	Skipulagsdagur	2 F		2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S	
3 M	Sumarfrí	3 L		3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F	Hvítur dagur, löjusemi	3 F	Grænn dagur	3 M		3 M		3 L		3 M	
4 F	Opnað kl 13:00	4 S		4 Þ	Foreldrafundur*	4 F	Rugldagur	4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Sjómanna dagurinn	4 Þ	
5 F		5 M		5 M		5 L		5 M	Adventustund, góðverk með vinum úr Guðsmára	5 F	Þinginn, bláur dagur	5 S		5 S		5 M		5 F	Gulur dagur	5 M	Arnarsmári á bí	5 M	
6 L		6 Þ		6 F		6 S		6 Þ		6 F	Þrettándinn, 25 ára afmæli	6 M	Dagur leikskólans - stóri læsisdagurinn	6 M	Listavika	6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ	Arnarsmári á bí	14 F	
7 S		7 M		7 F	Agi og hlýðni	7 M	Leynivínavíka barna	7 M	Grasagarður Garpar*	7 L	Arnarsmári 25 ára	7 Þ		7 Þ	Listavika	7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M	Arnarsmári á bí	15 F	
8 M		8 F	Dagur læsis - stóri læsisdagurinn	8 L		8 Þ	Vínáttaganga, gengið gegn einelti	8 F	Adventuferð Grallara*	8 S		8 M		8 M	Listavika	8 L		8 M		8 F	Arnarsmári á bí	16 L	
9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F		9 M	Samfélagið fyrr og nú	9 F		9 F	Listavika	9 S	Þjáskadagur	9 Þ		9 F		17 S	
10 M		10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F	Listavika	10 M	Annar í þáskum	10 M		10 L		18 M	
11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknmálsins	11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ	
12 F	Árgangaskiptahátíð	12 M	Abblögun 2	12 M		12 L		12 M	Adventustund úti með foreldrum, góðverk,	12 F		12 S		12 S		12 M		12 F	Sveitaferð*	12 M		12 M	
13 L		13 Þ	Náttúran og litirnir	13 F		13 S		13 Þ	Sivertsenhús	13 F		13 M		13 M	Listavika	13 F		13 L		13 Þ		13 F	
14 S		14 M		14 F	Bleikur dagur	14 M		14 M	Leiksýning *	14 L		14 Þ		14 Þ	Dagur stærðfræðinnar - stærðfræðidagurinn mikli	14 F	Blár dagur	14 S		14 M		14 F	
15 M	Abblögun 1	15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 M	Skipulagsdagur	15 L		15 M		15 F	Sumar og Solbjörghatíð*	15 L	
16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar náttúru Uppskeruhátíð	16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F	Jólaball	16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ		16 F		16 S	
17 M		17 L	Eg sjálfur og fjölskyldan mín	17 M		17 F	Skipulagsdagur	17 L		17 Þ	Spílaflæði	17 F	Mómmur og ómmur í morgunmat	17 F	Kurteisi	17 M		17 M		17 L	Lyðveldisdagurinn	17 M	
18 F		18 S	Stærðfræðidagurinn mikli	18 Þ		18 F	Heiðarleiki	18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppsöfningsdagur	18 S		18 Þ	
19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	Adventustund, góðverk	19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 F	Skipulagsdagur	19 M		19 M	
20 L		20 Þ		20 F		20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Þóroddur og eftir í morguninn þóroddur í hál	20 M	Bolludagur	20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ		20 F	
21 S		21 M		21 F	Foreldrar eldri síðdegishressing	21 M		21 M		21 L		21 Þ	Sprennidagur	21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F	
22 M		22 F		22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ		22 F		22 S		22 M	Óskudagur	22 M		22 L		22 M		22 F		22 L	
23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S		23 M		23 F	Þóroddur og eftir í morguninn þóroddur í hál	23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	
24 M		24 L		24 M		24 F		24 L	Abblögun dagur jóla	24 Þ		24 F		24 F		24 M	Fjölmenningarvíka Dagur umhverfisins	24 M	Útskriftarferð	24 L		24 M	
25 F		25 S		25 Þ		25 F	Spílaflæði	25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ	Náttúran, vörð og húsdýrin	25 F		25 S		25 Þ	
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 L		26 M	Annar í jólum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M		26 M	
27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 M		27 M	Leynivínavíka barna	27 F		27 L		27 Þ		27 F	
28 S		28 M		28 F	Foreldrar yngri síðdegishressing	28 M	Adventustund, góðverk, jólavíka	28 Þ		28 L		28 Þ		28 Þ		28 F	Virðing	28 S	Hvítasunnudagur	28 M		28 F	
29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 F		29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnunni	29 F		29 L	
30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F		30 M				30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S	
31 M				31 M				31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F				31 M	Útskriftarhátíð			31 M	